



Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

Nóvember 2005 nr. 142

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Bragi Þorgrímur Ólafsson

bragio@bok.hi.is

JÓLARANNSÓKNARÆFING

3. DESEMBER 2006

Jólarannsóknaræfing Félags íslenskra fræða, Sagnfræðingafélags Íslands og Félags þjóðfræðinga á Íslandi verður haldin í sal **Siglingaklúbbsins Brokeyjar** laugardagskvöldið 3. desember næstkomandi. Húsið opnar klukkan 19.00 og borðhald hefst kl. 20.00.

Veitingar

Blandað smáréttahlaðborð, gómsætt og girnilegt! Meðal rétta má nefna kjúklinga- og lambakjötsspjót, snittur, tapas, tígrisrækjur og sæta eftirrétti. Drykkjarföng (hvítvín, rauðvín, bjór og gos) verða seld á kostnaðarverði.

Ræðumaður kvöldsins

Rithöfundurinn og útlarvmaðurinn Ævar Örn Jóseppson flytur erindið *Appelsín og malt og kassi af kók. Og svo auðvitað bók.*

Skemmtiatriði

Að borðhaldi loknu mun hljómsveitin Bræðrabandið leika fyrir dansi.

Aðgangseyrir er 3.500 krónur.

Hægt er að skrá sig hjá eftirtöldum aðilum fyrir 1. desember n.k.

Hilma Gunnarsdóttur

s. 8677111/ hilmag@hi.is

Sigríður Þorvaldsdóttir

s. 5254205/ 8639123/ sth@hi.is

Guðný Hallgrímsdóttir

s. 8946112/ 5576112/ gunny@akademia.is

Aðalheiður Guðmundsd.

s. 8680306/ 5520510/ adalh@hi.is

Klukkan 23.30 verður húsið opnað fyrir þá sem ekki koma í matinn en vilja skemmta sér með okkur fram eftir nóttu. Aðgangur kostar þá 500 krónur.

BÓKAVEISLA

ÞRIÐJUDAGSKVÖLDIÐ

13. DESEMBER

Þriðjudagskvöldið 13. desember verður hin árlega bókaveisla í húsi Sögufélags við Fischersund. Á fundinum mun fjöldi höfunda kynna bækur sínar í örstuttu máli. Að venju eru bækurnar af sögulegum toga og verða þær kynntar á Gammabrekku þegar nær dregur. Léttar veitingar verða í boði og eru félagsmenn hvattir til að mæta og taka með gesti.

Í janúar verður svo bókafundur félagsins þar sem fjallað verður um nokkur sagnfræðirit sem komu út á árinu. Efni hans verður kynnt á Gammabrekku og í fjölmiðlum á næstunni.

LANDSBYGGÐARRÁÐSTEFNA Í

REYKJANESBÆ

4. MARS 2006

Landsbyggðarráðstefna ársins 2006 verður haldin óvenjusnemma, eða í byrjun mars. Ástæðan er fyrst og fremst sú að Söguþing verður haldið næsta sumar og þótti ekki skynsamlegt að hafa tvo viðburði af stærra taginu nærri hvorum öðrum. Þó er þess einnig að geta að landsbyggðarráðstefnan stendur aðeins í einn dag að þessu sinni og ekki verður langt að fara frá höfuðborgarsvæðinu. Leiðin mun liggja til Reykjanesbæjar og meginþemað verður dægur- og poppmenning, og áhrif Bandaríkjahers á menningu og mannlíf á þessum slóðum. Dagskrána má sjá á blaðsíðu 6.

WWW.AKADEMIA.IS/SAGA

ÚR STARFI FÉLAGSINS

BA-kvöld

Föstudagskvöldið 14. október síðastliðið, um kl. hálf-nú, var söguleg stund. Þá hófst í ReykjavíkurAkademíunni fyrsta BA-kvöld sögunnar. Nokkru áður hafði sú hugmynd vaknað hjá stjórnarmönnum Sagnfræðingafélagsins að boða til fundar þar sem nýútskrifuðum sagnfræðingum og/eða fólki sem væri að leggja lokahönd á BA-ritgerð gæfist kostur á að fjalla um ritgerðarefni sitt í hópi nemenda og sagnfræðinga. Vel var mætt á BA-kvöldið og góður rómur gerður að máli fyrirlesara.

Á BA-kvöldinu fjallaði Reynir Berg Þorvaldsson um ritgerð sína, „Leiðtogafundurinn í Reykjavík 1986: viðburður sem breytti gangi veraldarsögunnar“, Svanhildur Anja Ástþórsdóttir um sína ritgerð, „Togstreita nýlistar og menningararfsins. Greining á blaðaumfjöllun um íslenska myndlist og stöðu hennar árið 1972“. Þá ræddi Sigurlaugur Ingólfsson um ritgerð sína um afstöðu Íslendinga til Breta árin 1899-1918, sem hann var þá og er enn að leggja lokahönd á. Fundarstjóri var Andri Steinn Snæbjörnsson sagnfræðinemi.

Tilgangur kvöldsins var ekki eingöngu sá að ræða efni ritgerðanna heldur fjölluðu fyrirlesararnir ekki síður ræða um reynslu sína af því að skrifa BA-ritgerð við Háskóla Íslands. Hvað kom á óvart? Hver var mesti vandinn? Hvað mætti betur fara af hálfu Háskólans? Gestir fundarins kvöddu sér einnig hljóðs um þessi efni og sköpuðust fjörugar umræður um þau. Fundi var formlega slitið að því loknu en áfram var spjallað í Akademíunni, og síðar víðar.

Hádegisfundirnir

Hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands, *Hvað eru framfarir?* er nú vel á veg komin. Fjallað hefur verið um framfarir frá ýmsum ólíkum hliðum, eins og ráða má af dagskrá raðarinnar (sjá www.akademia.is/saga). Góð reynsla hefur fengist af fundarsal Þjóðminjasafns Íslands þar sem hádegisfyrirlestrarnir eru nú haldnir í fyrsta sinn. Yfirleitt hefur meirihluti fundargesta getað fengið sér sæti í hinum notalegu, mjúku, djúpu og skærgrænu stólum í fundarsalnum. Þó kemur einatt fyrir að sumir, þ.e. þeir sem seinastir mæta, verða að gera sér að góðu venjulegri fundarstóla.

Í desember verða tveir síðustu fyrirlestrar framfararaðarinnar. Þriðjudaginn 6. desember fjallar Hannes Ottósson sagnfræðingur um efnið

„Aldamótin – framfarahyggja og útrás um aldamótin 1900 og 2000“, og 20. desember flytja tvíeykið Skúli Sigurðsson og Stefán Pálsson vísinda- og tæknisagnfræðingar erindi sem nefnist „Á knattspyrnuvelli framfaranna“.

Eftir áramót hefst ný efnisröð, *Hvað er útrás?* þriðjudaginn 10. janúar með fyrirlestri Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands.

Safnaferð

Í sumar eða svo kviknaði sú hugmynd með stjórnarmönnum Sagnfræðingafélags Íslands að bjóða upp á dagsferð á söfn og sýningar í höfuðborginni og nágrenni. Safna- og sagnfræðingurinn Guðbrandur Benediktsson var mestur áhugamaður um þessa ferð og hafði veg og vanda af undirbúningi hennar og framkvæmd, því ekki er að orðlengja að hann var tekinn á orðinu og ferðin var farin laugardaginn 12. nóvember. Að henni stóðu Sagnfræðingafélag Íslands, Félag safna og safnamanna og Félag sögukennara.

Yfirlýstur tilgangur ferðarinnar var sá að bera saman mismunandi söfn og sýningar og gera sér um leið glaðan dag í góðra vina hópi. Hvort tveggja tókst, með þessum hætti: Laust fyrir klukkan eitt eftir hádegi höfðu tæplega þrjátíu manns safnast saman í Perlunni í Reykjavík og var þar farið á „Saga Museum“ í eina tankinum undir veitingahúsinu sem ekki er fullur af heitu vatni. Aðstandendur „Saga Museum“ fræddu fólk um tilurð þess og framkvæmd, og var síðan gengið um ganga og dáðst að hinum raunverulegu fígúrum sem þarna eru til sýnis og eiga að vera Skarphéðinn, Snorri og fleiri kappar. Fólk var að ég held allt sammála um það að þær væru listilega vel gerðar og flestir töldu að í því lægi styrkur „Saga Museum“. En auðvitað er „Saga Museum“ „plat“, rétt eins og „Geysir“ sem gýs í plati við hliðina á Perlunni fyrir túrista sem hafa ekki tíma til að sjá hina eina rétta og sanna Geysi uppi í Haukadál (þótt sumum þyki framkvæmdir þar líka hafa varpað nokkrum gervibrag á umhverfið).

„Saga Museum“ er ekki heldur alvöru „museum“ eða safn. Þar er ekki einn einasti safnhlutur í hefðbundnum skilningi. Um þetta ræddu þeir Guðbrandur Benediktsson og Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur nokkuð síðar í ferðinni og var þá m.a. bent á að í lögum og reglugerðum væri fyrirbærið „safn“ skilgreint á ákveðinn hátt, og ekki félli „Saga Museum“ undir þann hatt.

ÚR STARFI FÉLAGSINS

Nóg um það. Næst lá leiðin að Hofsstöðum í Garðabæ þar sem ferðafólk var frætt um fornleifauppgröft síðustu ára og hvernig uppfræðsla á sér stað með nýjustu margmiðlunartækni, undir berum himni, og í köldu frosti þegar svo ber við eins og á laugardaginn. Vel hefur tekist til þarna að sameina einfaldleika fornra rústa og flóknar útfærslur nútímans á miðlun þekkingar.

Frá Garðabæ var haldið áfram suður á bóginn og var næsta stopp í Siggubæ við Hellisgerði í Hafnarfirði. Aftur var þar komið safn sem ekki er hefðbundið, því Siggubær er nær alveg eins og síðasti ábúandi skildi við hann. Húsið og orgínal innanstokksmunirnir eru safnið, og ekki síst andrúmsloftið allt þar um kring. Þarna myndi allt spillast ef ein hilla væri full af útskornum öskum þar sem stæði t.d. „Askur. Guðrún Jónsdóttir gaf 1945. Nr. 1345-A-14“. Minjasafnið er án muna nema þeirra sem áttu alltaf heima þar, fyrir utan auðvitað fólkið sjálft en það er ekki á allt kosið í þessum bransa.

Hefðbundnari minjasöfn eru þó einnig góðra gjalda verð og að því komust gestir í Byggðasafni Hafnarfjarðar (þar sem ferðalangar nutu einnig kaffiveitinga). Auk muna sem tengjast Hafnarfirði á einn eða annan hátt getur einnig að líta í safninu ágætis sýningu um hernámsárin.

Frá Hafnarfirði var síðan haldið suður til Grindavíkur, í Salfisksetrið sem þar er að finna. Setrið er einkar glæsilegt, enda í sérhönnuðu sýningarhúsi og var fróðlegt að kynnast saltfiski í sögu þjóðar. Ekki var síður gaman að eta hann, en þannig lauk ferðinni, með góðum kvöldverði á Salthúsinu. Heim til Reykjavíkur var svo komið eftir kvöldmat og standa vonir til að aftur verði farið í safna- og sýningaferð einhvern tímann á næsta vetri. Var þá rætt um Akranes og uppsveitir Borgarfjarðar, eða jafnvel Snæfellsnesið.

Guðni Th. Jóhannesson

Ályktun um ritun á sögu þingræðis

Þann 28. september sl. bárust þær fréttir frá forsætisnefnd Alþingis að Þorsteini Pálssyni sendiherra hefði verið falið að skrifa sögu þingræðis á Íslandi í tilefni af aldarafmæli þess 2004. Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur og Ragnhildur Helgadóttir lögfræðingur munu sitja í ritnefnd. Tildrög verksins má rekja til ársbyrjunar 2000 þegar Halldór Blöndal, forseti Alþingis, kynnti hugmyndina um ritun bókarinnar fyrir

forsætisnefnd. Í kjölfarið urðu miklar umræður um málið, meðal annars á *Gammabrekku* og í fjölmiðlum. Þá var málið rætt á þingfundi fimmtudaginn 13. október þegar Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, svaraði bréfi um málið frá Merði Árnasyni í upphafi þingfundar. Til máls tóku (til viðbótar við Mörð og Sólveigu): Sigurjón Þórðarson, Kolbrún Halldórsdóttir, Birgir Ármannsson, Kristinn H. Gunnarsson, Drífa Hjartardóttir og Sigurður Kári Kristjánsson. Umræðurnar á Alþingi má finna á:

<http://www.althingi.is/altext/132/f013.sgml>

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands ályktaði um málið, sem og stjórn Fróða, félag sagnfræðinema við Háskóla Íslands, og stjórn Hagþenkis, félag höfunda fræðirita og kennslugagna.

Ályktun stjórnar Sagnfræðingafélags Íslands um ráðningu á höfundi til ritunar á sögu þingræðis á Íslandi

Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands lýsir yfir undrun á vali forsætisnefndar Alþingis á höfundi til að rita sögu þingræðis á Íslandi. Sú ákvörðun nefndarinnar að ráða til verksins Þorstein Pálsson, sendiherra og fyrrverandi alþingismann og ráðherra, frekar en að leita til einhvers úr hópi fjölmargra vel menntaðra og reyndra sagnfræðinga í landinu vekur upp alvarlegar spurningar um viðhorf ráðamanna til háskólanáms á þessu sviði. Ráðning fyrrverandi forsætisráðherra og formanns stjórnmalaflokks vekur einnig upp þá spurningu hvort forsætisnefnd Alþingis vilji ekki stefna að því að gæta ítrustu hlutlægni við verk þar sem væntanlega verður fjallað um pólitísk álitamál eins og þingrof, utanþingsstjórn og synjunarvald forseta.

Ákvörðunin vekur auk þess undrun vegna þess að undanfarin ár hefur Alþingi staðið að útgáfu vandaðra rita sem viðurkenndir fræðimenn á sviði sagnfræðirannsókna unnu og hlutu lof fyrir. Má þar nefna ritverkin *Kristni á Íslandi* og *Endurreisn Alþingis og þjóðfundurinn*. Þrátt fyrir allt óskar Sagnfræðingafélag Íslands nýráðnum höfundi verksins velgengni í vandasömu starfi.

Reykjavík, 2. október 2005.

Fyrir hönd stjórnar Sagnfræðingafélags Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, formaður félagsins.

SAGNFRÆÐINÁM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS STOKKAÐ UPP

Til hvers að breyta?

Námsskipan í sagnfræðiskor hefur staðið að mestu óhöggð síðan henni var komið á fyrir um 30 árum. Margt hefur breyst síðan innan og utan sagnfræðinnar sem kallar á endurskoðun námsins. Gífurlegar breytingar hafa orðið í fræðigreininni sjálfri á alþjóðavísu, m.a. eru viðfangsefnið orðin miklu fjölbreyttari og landfræðilegur sjóndeildarhringur hefur víkkað. Í mörgum löndum hefur vegur alþjóðlegrar sögu aukist og samþætting þjóðarsögu og alþjóðlegrar sögu orðin miklu algengari en áður var. Samvinna hefur aukist milli háskóla og milli landa og stuðlað að meiri samlögun náms, einkum innan ríkja Evrópusambandsins. Þá hafa viðteknar forsendur og viðhorf til sagnfræði verið teknar til endurskoðunar á undanförmum áratugum og víðtæk umræða farið fram um eðli hennar sem fræðigreinar. Þessi umræða endurspeglar auknu námi í söguheimspeki, þekkingarfræði, sagnaritun, aðferðum og kenningum í sagnfræði víða um heim. Stórstígar breytingar við öflun og miðlun þekkingar hafa kallað á nýjar hugmyndir um kennslu á háskólastigi sem leggja minni áherslu á utanbókarlærdóm en meiri á kennslu sem auðveldar nemendum að leita þekkingar, örvar þá til greiningar á viðfangsefnum og þjálfar almenna hæfileika þeirra.

Aðstæður sagnfræðinnar við Háskóla Íslands hafa líka breyst mikið. Sagnfræðin er orðin ein af fjölmennari greinum skólans með 12 fasta kennara og á þriðja hundrað nemendur. Fjölgunin er auðvitað jákvæð en hefur sína fylgikvilla, ekki síst stóra nemendahópa í skyldunámskeiðum og því er brýnt að endurskoða kennsluhættina. MA-námið hefur hins vegar ekki eflst til jafns við BA-námið og er nauðsynlegt að stokka það upp. Þrátt fyrir fjölgun nemenda hefur fjárhagur sagnfræðiskorar verið slæmur síðan nýtt fjármálakerfi var tekið upp í Háskólanum fyrir u.þ.b. sex árum og er sýnt að sagnfræðin verður að aðlaga sig að breyttu fjármálaumhverfi.

Markmið með endurskoðun á námsskipan

Á haustmíssi 2004 skipaði sagnfræðiskor starfshóp til að endurskoða námsskipan og námsframboð í sagnfræði. Lagði hópurinn fram tillögur síðastliðið vor og hafa þær verið til umræðu innan sagnfræðiskorar sem stefnir að því að koma á veigamiklum breytingum á bæði BA- og MA-stigi á næsta háskólaári. Í tillögum starfshópsins þurfti að taka tillit til margra

sjónarmiða, bæði þeirra sem lúta að námsgreininni sjálfri, nemendum og fjárhagslegu umhverfi. Tillögurnar miða í stuttu máli að því að styrkja faglegan og fjárhagslegan grundvöll sagnfræðinnar, og er markmið þeirra nánar tiltekið að:

- Auka kennslu um hugtök, aðferðir og starfshætti sagnfræðinnar í því skyni að efla skilning nemenda á sérkennum sagnfræðinnar sem fræðigreinar. Jafnframt er tillögunum ætlað að auka færni nemenda til að safna og vinna úr heimildum, greina þær og setja í samhengi, rökræða og miðla þekkingu. Í þessu skyni er „aðferðanámskeiðum“ fjölgað og markvissari þjálfun tekin upp í „efnisnámskeiðum“.

- Gera námið heildstæðara og markvissara með því að taka upp skýrari framvindu (e. *progression*) í námi og binda námskeið við ákveðin ár. Slík námsskipan stuðlar að meiri festu og tekur meira tillit til getu nemenda. Aðferðanámskeiðin eiga að mynda samfellu og byggja hvert á öðru. Námskröfur eru auknar eftir því sem lengra líður á námið. Skyldunám er mest á fyrsta ári en síðan fjölgar valnámskeiðum þegar ofar dregur.

- Auka fjölbreytni og sveigjanleika í námi með því að draga úr vægi skyldunámskeiða. Með því að fækka yfirlitsnámskeiðum skapast meira svigrúm fyrir annars konar nám.

- Aðlaga kennsluhætti örrí fjölgun nemenda. Ná meiri hagkvæmni í rekstri skorarinnar í samræmi við breytt starfsumhverfi innan Háskólans.

Helstu breytingar

Hér verður stuttlega getið helstu breytinga sem ráðgerðar eru á BA-náminu, en rétt er að taka fram að nýja námsskipanin er enn í mótun. Vinnan við nýskipan MA-námsins er skemmra á veg komin og því bíður betri tíma að gera grein fyrir henni.

Ein stærsta breytingin á BA-náminu er sú að námskeið verða framvegis bundin ákveðnum misserum eða árum til að tryggja festu og stígangi í framvindu námsins. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig námskeiðum er komið fyrir í nýju námsskipuninni. Í stað átta yfirlitsnámskeiða um megingímabil sögunnar, fjögurra um Íslandssögu og fjögurra um mannkynssögu, koma fjögur námskeið sem öll eru kennd á fyrsta ári. Inntak

SAGNFRÆÐINÁM VIÐ HÍ STOKKAÐ UPP

aðferðanámskeiðanna verður endurskoðað og koma nú þrjú námskeið í stað tveggja áður: Sagnfræðileg vinnubrögð (áður Aðferðir I), Sagnaritun og söguspeki (áður Aðferðir II) og nýtt námskeið, Hugtök og miðlun sögu, verður kennt á þriðja ári. Í heildina fækkar skyldunámskeiðum úr tíu í sjö og því verður val nemenda meira. Brautakerfið svokallaða verður lagt niður en nemendum á öðru ári gert að velja sérsvið í sagnfræði þar sem þeir kynnast viðfangsefnum, aðferðum og álitamálum á afmörkuðum sviðum.

Ýmsar aðrar hugmyndir eru í deiglu, m.a. um inntak yfirlitsnámskeiða, kennsluhætti og þátttöku doktorsnema í kennslu, sem hér gefst ekki rúm til að ræða um. Það er því deginum ljósara að kennarar í sagnfræðiskor munu ekki staðnæmast við breytingar á sjálfu námskipulaginu heldur eru tilbúnir til að endurskoða aðra þætti náms og kennslu sem líklegir eru til þess að gera sagnfræðinámið enn betra en það er í dag.

Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði við HÍ.

NORRÆNI SKJALADAGURINN 2005

Laugardaginn 12. nóvember var norræni skjaladagurinn. Dagurinn var fyrst haldinn árið 2001 og er markmið hans að efla vitund fólks um tilvist og gagnsemi opinberra skjalasafna.

Mörg skjalasöfn voru opin þennan dag og efnt var til sýninga á völdum skjölum. Annað hvert ár er sameiginlegt þema fyrir öll þátttökulöndin, en þess á milli ráða söfnin þemanu sjálf. Árið 2001 var sameiginlega þemað „ást og umhyggja“, 2003 var það „Er heilsu haldið til haga“ og nú í ár er þemað „identitet“, sem þýða mætti sem „sjálfsvitund“ á íslensku. Yfirskrift dagsins á Íslandi er „við“ og þá tengt við ýmsa samfélagshópa, t.d. „við Íslendingar“, „við stúdentar“ og svo framvegis.

Meðal íslenskra þátttakenda voru Þjóðskjalasafn, Borgarskjalasafn Reykjavíkur, héraðsskjalasöfnin og handritadeild Landsbókasafns Íslands.

Heimasíða skjaladagsins er www.skjaladagur.is þar sem finna má ýmsan fróðleik sem tengist skjaladeginum og skjalasöfnum almennt.

BA-nám til 90 eininga

1. ár	1. misseri	Sagnfræðileg vinnubrögð	Heimssaga fram um 1815	Íslandssaga fram um 1815
	2. misseri	Valnámskeið	Heimssaga eftir 1815	Íslandssaga eftir 1815
2. ár	3. misseri	Sagnaritun og söguspeki Forspjallsvísindi	Valnámskeið	Valnámskeið
	4. misseri	Sérsvið í sagnfræði: a. stjórnálgasaga b. hugm- menningarsaga c. félags- og hagsaga	Valnámskeið	Valnámskeið
3. ár	5. misseri	Hugtök og miðlun sögu	Valnámskeið	Valnámskeið
	6. misseri	Valnámskeið	Ritgerð, 10 ein.	

Skráning á Gammabrekku, póstlista Sagnfræðingafélags Íslands er á slóðinni:
<http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>
Hægt er að sjá eldri skeyti á slóðinni:
<http://listar.hi.is/mailman/private/gammabrekka/>

Heimasíða Sagnfræðingafélags Íslands er:
www.akademia.is/saga

UM VEFRITIÐ *HUGSANDI*

Þann 18. október sl. hóf vefritið *Hugsandi* (www.hugsandi.is) starfsemi sína. *Hugsandi* er vefrit um fræði og menningu, í víðum skilningi, og er ætlað öllu áhugafólki um þau efni. Vefritið leggur þó sérstaka áherslu á að virkja ungt fólk sem fæst við fræði og/eða menningu til að skrifa í vefritið og eiga skoðaskipti þar. En auk þess að birta greinar gerir *Hugsandi* lesendum sínum kleift, í gegnum athugasemdakerfi, að segja álit sitt á greinum sem birtast á vefritinu eða koma með ábendingar varðandi þær.

Hugmyndin að stofnun *Hugsandi* varð til síðastliðið sumar. Hún spratt m.a. úr þeim skorti sem aðstandendum vefritsins þótti vera á íslenskum netsíðum sem helgaðar væru fræðum og menningu. Því var ráðist í að stofna *Hugsandi* með það að markmiði að auka við og víkka umræðuna. Í því sambandi höfum við leitast við að birta fjölbreytt efni, ekki hvað síst efni sem sjaldséð er í umræðunni hér heima, enda er það stefna *Hugsandi* að leita eftir nýjum

umfjöllunarefnum og sjónarhornum. Þar má nefna að fastur liður á *Hugsandi* eru greinar eftir íslenska námsmenn erlendis þar sem þeir lýsa sínu fræðilega umhverfi og bera það saman við fræðilegt umhverfi hér heima.

Frá því að *Hugsandi* fór af stað hefur það verið regla að vefritið sé með tvær fastar birtingar í viku. Föstu birtingarnar eru á þriðjudögum og fimmtudögum. Aukabirtingar hafa slæðst inn öðru hvoru, þá jafnan á föstudögum.

Þó *Hugsandi* sé enn í mótun, bæði útlitslega og efnislega, hafa viðtökur lesenda verið mjög góðar. Það hefur virkað mjög hvetjandi á okkur sem stöndum að *Hugsandi* og erum við þakklát fyrir það. Flettingafjöldi hefur einnig verið vel umfram væntingar.

Sjö manna ritnefnd stendur að baki *Hugsandi* en ritstjórar eru sagnfræðingarnir Hrafnkell Lárússon og Unnur María Bergsveinsdóttir.

FRÁ SÖGUFÉLAGI

Á aðalfundi Sögufélags 24. september sl. var Anna Agnarsdóttir kosin forseti félagsins, og er það í fyrsta skipti sem kona er kosin forseti þess.

Forseti: Anna Agnarsdóttir prófessor
Ritari: Már Jónsson prófessor
Gjaldkeri: Guðmundur J. Guðmundsson sagnfræðingur
Meðstjórnendur: Jón Sigurðsson Seðlabankastjóri
Ragnheiður Kristjánsdóttir sagnfræðingur
Varamenn: Krístrún Halla Helgadóttir sagnfræðingur
Sigrún Pálsdóttir sagnfræðingur

Nýlega kom út annað verkið í ritröð félagsins, Smárit Sögufélags, og er það ritið *Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar*. Það kostar 2.880 kr, en félagar í Sögufélagi fá það á 2.200 kr.

Hausthefti *Sögu* að koma út

Í hausthefti tímaritsins *Sögu* er að finna fjölbreytt og spennandi efni. Að þessu sinni eru birtar fjórar rannsóknarritgerðir. Í þeirri fyrstu fjallar Unnur Birna Karlsdóttir um vananir eða ófrjósemis-aðgerðir hér á landi frá 1938 til 1975. Í annarri ritgerðinni ræðir Sveinbjörn Rafnsson um Vatnsdæla sögur og Kristni sögur, og í þriðju ritgerðinni fjallar Guðmundur Hálfðanarson um sölu Skálholtsjarða undir lok 18. aldar, sem hann nefnir fyrsta uppboð á ríkiseignum á Íslandi. Í síðustu rannsóknarritgerðinni ræðir Sverrir Jakobsson um veigamiklar breytingar sem urðu á

íslensku miðaldasamfélagið á tímabilinu 1100–1400 svo sem endalok þrælahalds og vaxandi leiguliðabúskap.

Viðhorfsgreinar eru þrjár eftir þá Árni Daníel Júlíusson, Matthías Á. Mathiesen og Gunnar Karlsson. Sjórnrynin heldur áfram að festa sig í sessi og í þessu hefti fjallar Eggert Þór Bernharðsson um endurhönnun þriggja sýninga á Austurlandi.

Að venju er lífleg umfjöllun um bækur á síðum *Sögu*. Fyrst ber að geta þess að ákveðið var að endurvekja þann gamla síð tímaritsins að birta andmælaræður við doktorsvarnir. Í haustheftinu birtast andmæli sem Gunnar Karlsson og Vésteinn Ólason fluttu við doktorsvörn Sverris Jakobssonar. Þá er að finna ítardóm eftir Gauta Kristmannsson þar sem hann fjallar um tvær ævisögur og bók um sjálfsævisögulegt efni. Auk þess birtast í heftinu ritdómar um sjö bækur og ritfregnir um þrjár.

Vinsamlega látið Ragnheiði Þorlákssdóttur, starfsmann Sögufélags, vita um breytt heimilisföng og kortanúmer. Og að lokum vilja ritstjórar minna á að allar hugmyndir að hvers kyns efni — viðtölum, greinum, viðhorfum, sjónrýni, málstofum, ítardómum, ritdómum og ritfregnum — eru vel þegnar.

Heimasíða Sögufélags er www.sogufelag.is.

„GAMAN ER AÐ KOMA Í KEFLAVÍK“

LANDSBYGGÐARRÁÐSTEFNA SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS, FÉLAGS ÞJÓÐFRÆÐINGA Á ÍSLANDI
OG HEIMAMANNA — REYKJANESBÆ 4. MARS 2006

Eins og kemur fram á forsíðu fréttabréfsins verður landsbyggðarráðstefna ársins 2006 haldin óvenjusnemma, eða í byrjun mars. Ástæðan er fyrst og fremst sú að Söguþing verður haldið næsta sumar og þótti ekki skynsamlegt að hafa tvo viðburði af stærra taginu nærri hvorum öðrum. Þó er þess einnig að geta að landsbyggðarráðstefnan stendur aðeins í einn dag að þessu sinni og ekki verður langt að fara frá höfuðborgarsvæðinu.

Leiðin mun liggja til Reykjanesbæjar og meginþemað verður dægur- og poppmenning, og áhrif Bandaríkjahers á menningu og mannlíf á þessum slóðum. Ráðstefnan verður bæði fjörleg og fræðandi og eru áhugasamir sagnfræðingar og aðrir hvattir til að skrá sig sem fyrst til þátttöku.

Ráðstefnugjaldi verður stillt mjög í hóf og má nær öruggt heita að það verði í mesta lagi þúsund krónur, og þá aðeins fyrir þá sem vilja nýta rútu- og kynningarferðir.

Áhugasamir skrái sig hjá Guðna Th. Jóhannessyni á netfangi gudnith@hi.is og síma 895-2340.

Dagskrá:

- 08:30-09:15 Rúta frá Nýja Garði fyrir þá sem vilja
- 09:15-10:15 Kynnisferð um Keflavíkurflugvöll fyrir þá sem þess óska
- 10:30-12:00 **„Kaninn“ og Þjóðin.**
Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur: Dægurtónlist, erlend áhrif, bandaríski herinn og „Völlurinn“
Gestur Guðmundsson félagsfræðingur: Kanaskríll í Keflavík: Ameríkanisering, þjóðmenning og sjávarselta í íslensku rokki
Kristján Pálsson, formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja: „Enda komu þeir færandi hendi.“ Áhrif bandaríska varnarliðsins á mannlíf á Suðurnesjum, neyslu, dægurmenningu, málfar, sambúð og samskipti kynjanna
- 12:30-13:30 Hádegisverður í Duus-húsum
- 13:30-15:00 **Sagnir og söfn á Suðurnesjum.**
Sigrún Jónsdóttir Franklín þjóðfræðingur og leiðsögumaður: Sagnamenning á Suðurnesjum
Sigrún Ásta Jónsdóttir safnstjóri: Samtíminn í byggðasöfnum
Helgi Hólm: Sögulegar heimildir af heimaslóðum. Blaðaútgáfa Faxe í 65 ár
- 15:00-15:30 Kaffihlé
- 15:30-17:00 **Innreið og útrás íslenskra dægurlaga.**
Karl Jóhann Garðarsson sagnfræðingur: „Óþjóðhollir starfshættir“. Líf og dauði menningar og frelsis með „innreið“ erlendra dægurlaga.
Kristín Einarsdóttir þjóðfræðingur: „Þau minna á fjallavötnin fagurblá“: Um dægurlagatexta og samfélag á Suðurnesjum
Þór Tjörvi Þórsson sagnfræðingur: Vegir liggja til allra átta. Hljómar og upphaf útrásar íslenskra tónlistarmanna
- 17:00-18:00 Móttaka í boði Reykjanesbæjar
- 18:00-21:00 Kvöldverður á Ránni, og keflvískir tónlistarmenn taka lagið
- 21:00-21:45 Rútuferð í bæinn

Helstu styrktaraðilar ráðstefnunnar: Reykjanesbær, Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, Byggðasafn Reykjanesbæjar, Iceland Express.

WWW.AKADEMIA.IS/SAGA

TIMARIT.IS

UM EFNISVAL, ORÐALEIT OG AÐGENGI AÐ HEIMILDUM Á NETINU

Í byrjun nóvember fór fram umræða á Gammabrekku um síðuna Timarit.is sem Landsbókasafn Íslands stendur fyrir, en á síðunni er að finna fjölmörg íslensk blöð og tímarit frá upphafi tímaritaútgáfu á Íslandi og fram á tuttugustu öld á stafrænu formi. Þar má meðal annars finna *Morgunblaðið* frá stofnun þess 1913 og fram til 1984. Sífellt bætist við blaðafjöldann.

Umræðurnar spunnust úr frá hugleiðingu Gísla Helgasonar sagnfræðings um það hvort ekki væri æskilegt að gera fleiri dagblöð aðgengileg á síðunni, t.d. *Þjóðviljann*, til að auka fjölbreytni þeirra heimilda sem þar er að finna.

Örn Hrafnkelsson, forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns, sem sér um síðuna bendir á að fjárskortur hamli slíkri útgáfu, en *Morgunblaðið* hefur styrkt sérstaklega myndun blaðsins, og þess vegna hefur stafræn útgáfa þess gengið svo hratt eins og raun ber vitni. Þó eru uppi áform um að hefja myndun helstu flokksblaða á 20. öld innan tíðar.

Guðmundur Jónsson prófessor benti á að orðaleitin, sem hægt er að framkvæma á síðunni, skili oft ekki nægilega góðum niðurstöðum, og spurði hvort hægt sé að bæta leitina. Örn svarar því til að orðaleitin sé vissulega ekki 100% rétt, enda leitar leitarvélina í textaskjöllum sem eru unnin vélrænt upp úr ljósmyndum af blöðunum. Oft eru prentuðu eintökin illa farin sem skilar sér þá í lélegum leitaraskilyrðum. Því má ekki treysta

því að orðaleitin skili tæmandi niðurstöðum. Orðaleitin er enn í þróun og er vonast eftir því að gæði hennar batni. Þá er stefnt að því að opna í framtíðinni fyrir orðaleit í eldri blöðum og tímaritum, t.d. *Þjóðólfi* og *Ísafold* og jafnvel efni frá síðari hluta 18. aldar (sem eru prentuð með gotnesku lettri), t.d. *Rit Lærdómslistafélagsins*.

Guðmundur vakti jafnframt athygli á nauðsyn þess að skjala- og handritaskrár yrðu gerðar aðgengilegar á Netinu. Unnur Birna Karlsdóttir hjá Þjóðskjalasafni svaraði því til í pósti á Gammabrekku, að þar væri unnið að slíkri framsetningu, en sú vinna væri afar tímafrek. Þó væri vonast eftir því að hægt væri að setja helstu skrár safnsins á Netið á næsta ári. Örn Hrafnkelsson segir að á handritadeild Landsbókasafns Íslands sé nú unnið að því að koma handritaskrár safnsins á tölvutækt form. Við slíka vinnu þarf að fara eftir alþjóðlegum stöðlum og því sé verkefnið nokkuð tímafrekt, enda séu söfn út um allan heim að koma sér upp samræmdum vinnuferlum og stöðlum. Þessi upphafsvinna taki ávallt nokkurn tíma.

Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman

Hægt er að sjá umræðuna (og aðrar) á Gammabrekku á <http://listar.hi.is/mailman/private/gammabrekka/>
Þar er slegið inn pósthfang og lykilorð sem var notað við skráningu á póstlistann

STOFNUN ÍSLENSKRA FRÆÐA — ÁRNASTOFNUN. FRUMVARP LAGT FRAM

Stefnt er að sameiningu nokkurra háskólastofnana á sviði íslenskra fræða undir heitinu *Stofnun íslenskra fræða— Árnastofnun*, eins og sagt var frá í fjölmiðlum í byrjun september. Þann 17. nóvember var lagt fram frumvarp til Alþingis um þessa sameiningu. Frumvarpið er að finna á heimasíðu Alþingis,

<http://www.althingi.is/altext/132/s/0363.html>

Á vefnum er einnig hægt að nálgast umræður, innsend erindi, nefndarálit og fleira sem tengist málinu eftir því sem það þróast.

Fréttabréf Sagnfræðingafélagsins er prentað hjá Fjölrítunarstofu Daníels Halldórssonar.

Efni í fréttabréfið má senda á bragio@bok.hi.is

DOKTORSVÖRN VIÐ HUGVÍSINDAEILD

Þann 14. október sl. varði Margrét Eggertsdóttir, fræðimaður við Stofnun Árna Magnússonar, doktorsritgerð sína um Hallgrím Pétursson og hugsanlegt barrok í íslenskum bókmenntum. Andmælendur voru dr. Jürg Glauser prófessor í norrænum fræðum við háskólana í Zürich og Basel, fyrsti andmælandi, og dr. Einar Sígurbjörnsson prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands, annar andmælandi. Ritgerðin kom út nýlega hjá Háskólaútgáfunni undir titlinum *Barrokkmeistarinn. List og lærdómur í verkum Hallgríms Péturssonar*.

Áframsendið ekki!
Sagnfræðingafélag Íslands
Hringbraut 121, 107 Reykjavík
